

AUGLÝSING

um skipulagsmál Reykjanesbæ.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja – breytt deiliskipulag.

Á fundi 7. apríl 2026 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar breytingu á deiliskipulagi á reit Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða stækkun Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum með nýbyggingu, sem er 2 hæðir og kjallari, allt að 4.860 m². Lóðamörkum Sunnubrautar 32 og 36 er einnig breytt. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Stapabraut 21.

Á fundi 21. apríl 2026 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar breytingu á deiliskipulagi fyrir Stapabraut 21. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að núverandi bygging, sem stendur að stærstum hluta innan byggingarreits A, stendur áfram. Þá er í breytingunni gert ráð fyrir viðbyggingu vestan við núverandi byggingu. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Valhallarbraut 868.

Á fundi 9. júlí 2026 samþykkti bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Reykjanesbæjar breytingu á deiliskipulagi Valhallarbrautar 868. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að skilgreindum byggingarreitum og byggingarheimildum fyrir lóðina er breytt þannig: reitur 301 verði stækkaður til suðurs og vesturs og reitir 401 og 501 sameinaðir í einn, samanlagt minni reit, 401, og byggingarmagn minnkað. Heildarbyggingarmagn á skipulagsreit er 77.100 m² en verði 71.531 m². Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Vogshóll og Sjónarhóll.

Á fundi 18. ágúst 2026 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar breytingu á deiliskipulagi fyrir Vogshól og Sjónarhól. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir Vogshól og Sjónarhól, sem staðfest var í sveitarstjórn 16. júní 2025, um að heimilt verði að reisa tímabundnar vinnubúðir á lóðum innan deiliskipulagsmarka. Heimildin gildir til 18 mánaða á hverri lóð í hvert sinn. Óheimilt verði að gista á svæðinu. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Reykjanesbæ, 20. ágúst 2026.

Vilhjálmur Árnason bæjarstjóri.